Umbótaáætlun Krummakots 2017 - 2018

Í apríl 2015 unnu starfsmenn Námsmatsstofnunar að ytri úttekt á starfi leikskólans Krummakots í Eyjafjarðarsveit. Markmið matsins var gert á grundvelli 17.gr laga um leikskóla nr.90/2008. Skýrsla frá matsaðilum var gefin út í september sama ár. Í skýrslunni koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika leikskólans sem og tækifæri til umbóta. Umbótaáætlun var unnin í nóvember 2015 og henni skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Mennta- og menningarráðuneytið fylgir umbótavinnu leikskólans vel eftir og í desember 2016 óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun frá nóvember 2015. Þar var gert ráð fyrir skiladegi í janúar 2017 en vegna mikilla anna tengda framkvæmdum og undirbúningi fyrir ungbarnadeild við leikskólann var óskað eftir fresti fram til 9. febrúar. Stjórnendur leikskólans hafa uppfært áætlunina til samræmis við stöðuna í febrúar 2017. Umbótaáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki, foreldraráði og sveitarstjórn.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Hugmyndafræði leikskólans	*Æskilegt er að fram fari umræða í starfsmanna-hópnum um hugmyndafræði leikskólans.*	Áætlað er að endurskoða hugmyndafræði leikskólans með tilliti til þeirra kennismiða sem hafðir eru til hliðsjónar í starfinu og þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsháttum leikskólans, m.a. með tilliti til agastefnu leikskólans, Jákvæðs aga.	Leikskólastjóri.	Unnið hefur verið að endurskoðun hugmyndafræðinnar samhliða uppfærslu á skólanámskrá sem áætlað er að verði gefin út í marslok 2017.
Skólanámskrá	*Ljúka verður endurskoðun skólanámskrár.*	Áætlað er að ljúka við skólanámskrá leikskólans í mars 2016. Þetta tókst ekki þó svo að töluverð vinna hafi farið fram á skólaárinu 2015/2016 og hún að mestu tilbúin. Eftir er að lesa námskrána yfir með tilliti til málfræði og samræma texta. Skólanámskráin verður sett upp af grafískum hönnuði sem hefur	Skólanámskrárteymi.	Marslok 2017.

		tekið verkið að sér.		

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Menntun starfsfólks	*Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.* ..... *Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði viðurkennda menntun á þessu sviði.*	Í Krummakoti er 63,5 % starfsfólks á deildum með leyfisbréf. Fjórir starfsmenn eru með aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi. Tveir þeirra sækja nú lotunám í háskóla til að öðlast leyfisbréf leikskólakennara. Leikskólinn kemur til móts við starfsmennina með leyfum á lotutímum og tímabundinni styttingu á starfshlutfalli. Auglýst er markvisst eftir leikskólakennurum við allar ráðningar á deildir leikskólans. ..... Sérkennslustjóri er með leyfisbréf sem leikskólakennari, diplómu í menntavísindum og sérkennslufræðum.	Leikskólastjóri.	Júní 2017 eða þegar markmiði um fagmenntun er náð. ..... Lokið

Matsþáttur	Tækifæri til úrbóta	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgð	Tímarammi/lok viðfangsefnis
Uppeldi og menntun	*Æskilegt er að hvetja börnin meira til sjálfshjálpar, t.d. við að klæða sig og við matarborð.* ..... *Skoða mætti dagskipulagið út frá skiptingu milli frjálsa leiksins og skipulagðra verkefna.*	Áætlað er að skoða þessa þrjá þætti með starfsfólki á starfsdegi á skólaárinu.	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, kennarar.	Viðmið deilda vegna matmálstíma hafa verið endurskoðuð (vorönn 2016) með það að markmiði að efla sjálfsbjörg nemenda. Eftir er að taka markvissa umræðu um hvernig megi hvetja börnin enn meira til sjálfshjálpar í fataherbergjum en gert er í dag. Áætlað á vorönn 2017. ..... Unnið hefur verið að því að samþætta skipulögð/stýrð viðfangsefni og skapa með því aukinn tíma í frjálsan leik á eldri deildum. Á yngstu deildinni er frjáls leikur í öndvegi og mikið lesið fyrir börnin einstaklingslega þegar aðstæður skapast. .....

	Vinna mætti með menningu og móðurmál barna af erlendu bergi.			Áætlað á haustönn 2017
Starfsáætlun	*Leikskólinn þarf að gefa út árlega starfsáætlun samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.*	Leikskólinn gaf út starfsáætlun í október 2015 og 2016	Leikskólastjóri	Í október ár hvert.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Stjórnun og starfsfólk	*Skoða þarf og skilgreina betur verkaskiptingu stjórnenda við skólann og hlutverk skólastjóra Hrafnagilsskóla sem faglegs leiðtoga skólans alls.*	Í framhaldi af mati skólastjóra Hrafnagilsskóla og leikskólastjórnanda Krummakots um ávinning af samrekstri leik- og grunnskóla frá árinu 2008 sendu stjórnendur skólanefnd Eyjafjarðarsveitar greinargerð með rökum fyrir því að samrekstri yrði hætt. Samþykkt var að hætta samrekstri frá 1. ágúst 2016. Í maí 2016 var auglýst staða aðstoðarleikskólastjóra við Krummakot og ráðið í stöðuna frá	Skólastjóri Hrafnagilsskóla og leikskólastjórnandi í Krummakoti.	1. ágúst 2016.

	…… *Gera ætti skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og skilgreina ábyrgð staðgengils leikskólastjóra og stjórnunarteymis á stjórnun.* *Gera ætti skriflegan feril fyrir verkaskiptingu og ábyrgð innan stjórnunarteymis.* …… *Æskilegt væri að gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.*	ágúst 2016. …… Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri gera með sér skriflega verkaskiptingu. …… Móttökuáætlun er til staðar en áætlað er að vinna hana með ítarlegri hætti með aukinni áherslu á leiðsögn og stuðning við nýja starfsmenn.	…… Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. …… Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	…… Lokið. Ágúst/september 2016. …… Í lok skólaárs 2017.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Innra mat	*Æskilegt væri að skoða fleiri leiðir til að meta nám og velferð barna.*	Skipa innra matsteymi sem skoðar leiðir til að meta nám og velferð barna með fjölbreyttum hætti.	Leikskólastjóri og innra matsteymi.	Matsteymi var skipað í ágúst 2016. Áætlað er að vinna innra matsáætlun fyrir lok skólaárs 2017 (júní 2017).

	Gera ætti áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma. ..... *Skipa ætti matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.* ..... *Gera ætti árlega umbótaáætlun og birta í starfsáætlun leikskólans.*	Innra mat til eins árs kemur fram í starfsáætlun. Markmið er að vinna áætlun um innra mat til þriggja ára. ..... Matsteymi hefur verið skipað. ..... Umbótaáætlun kemur fram í starfsáætlunum og er birt á heimasíðu leikskólans.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. ..... Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. ..... Leikskólastjóri.	Matsáætlun til eins árs er lokið. Áætlað er að ljúka áætlun til þriggja ára í júní 2017. ..... Lokið í ágúst 2016. ..... Lokið.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Húsnæði leikskólans	*Huga þarf að betri hljóðvist í nokkrum rýmum skólans.*	Vinnueftirlitið var fengið til að gera hávaðamælingu í leikskólanum í ársbyrjun og í skýrslu frá febrúar 2015 kom í ljós að nokkur rými þarfnast úrbóta. Gert er ráð fyrir fjárveitingu frá	Leikskólastjóri, sveitarstjórn, Eignarsjóður Eyjafjarðarsveitar.	Á árinu 2016 var hljóðvist lagfærð á deild elstu barna (Sviðinu). Áframhaldandi áætlun er áformuð og er hún á ábyrgð Eignarsjóðs Eyjafjarðarsveitar.

	Húsnæði skólans stenst ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.	sveitarfélaginu á næstu árum til að halda áfram með úrbætur. Ekki er áformað í nánustu framtíð að bæta aðgengi fyrir alla að efri hæð leikskólans.		
Öryggismál	*Æskilegt væri að gera áfallaáætlun fyrir leikskólann.*	Áætlað er að uppfæra áfallaáætlun á skólaárinu. Áætlun sem til er ófullnægjandi.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Haustönn 2017.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Skipulag	*Æskilegt væri að huga að samþættingu verkefna þar sem áherslur skarast.*	Töluverð umræða hefur farið fram í starfsmannahópnum um námsvið aðalnámskrár og hvernig þeim er ætlað að skarast. Vinna að samþættingu er þegar hafin og gengur vel. Má þar nefna agastefnu (jákvæðan aga), dygðastarf og umhverfisstarf. Einnig samþættingu gegnum söguaðferðarverkefni (e. Story line). Þetta er viðfangsefni sem ekki er hægt að setja punkt við heldur er í stöðugri þróun eins og skólanámskráin.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.	Samhliða endurskoðun á skólanámskrá.

Upplýsingagjöf	*Æskilegt er að hafa upplýsingar um leikskólastarfið á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.* ..... *Kynna ætti niðurstöður mats á heimasíðu.*	Unnið verður að því að vera með grunnupplýsingar um leikskólann á fleiri tungumálum og birta á heimasíðu leikskólans. ..... Mat á skólastarfi er kynnt í starfsáætlun leikskólans og birt á heimasíðu.	Leikskólastjóri. ..... Leikskólastjóri.	Í lok skólaárs 2017/2018. ..... Lokið.
Sérkennsla	*Leikskólinn ætti að setja sér sérkennslustefnu.*	Lokið	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Lokið í desember 2015.

Matsþáttur	**Tækifæri til úrbóta**	**Áætlanir um endurbætur**	**Ábyrgð**	**Tímarammi/lok viðfangsefnis**
Samstarf skólastiga	*Huga að tækifærum sem búið geta í aukinni samvinnu skólastiga í sameinuðum skóla.*	Mikið og gott samstarf er á milli skólastiganna sem sífellt er verið að þróa og bæta.	Leikskólastjóri, skólastjóri Hrafnagilsskóla, deildarstjóri á elstu deild og kennari 1. bekkjar.	Samstarfið er í stöðugri þróun.